

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2024.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (heilbrigðisskrár). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1352 – 907. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (heilbrigðisskrár). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1352 – 907. mál. Félagið veitti umsögn við málið á fyrri stigum með bréfi dags. 31. október 2023.

Frumvarpið snýr að breytingum á 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu varðandi heilbrigðisskrár og á eftir greininni koma þrjár nýjar greinar, 8. gr. a – 8. gr. c. Félagið tekur undir mikilvægi þess að tryggja lagastoð fyrir vinnslu persónuupplýsinga í heilbrigðisskrám og notkun þeirra. Þá er mikilvægt að skýra tilgang heilbrigðisskráa, öflun upplýsinga, rekstur og notkun. Einnig er mikilvægt að heimila heilbrigðisyfirvöldum aðgang að rafrænum sjúkraskráum til að flýta og bæta málsmeðferð kvörtunar- eða kærumála eins og lagt er til með breytingu á 16. gr. laga um sjúkraskrár.

Miðlægar skrár eru til þess fallnar að bæta aðgengi einstaklinga að upplýsingum úr eigin sjúkraskrá auk þess að styðja við ýmiss verkefni á sviði heilbrigðismála, til vísindarannsókna og nýsköpunar. Í því samhengi vill Félagsráðgjafafélag Íslands minna á mikilvæti þess að ábyrgðaraðili gagna veiti ekki aðgang að gögnum nema hafa fengið framvísað leyfi vísindasiðanefndar og öll miðlun persónugreinanlegra upplýsinga séu í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar nr. 90/2018. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að heimilt verði að veita stjórnarsýslustofnunum á heilbrigðissviði, einkum Sjúkratryggingum, aðgang að gögnum í heilbrigðisskrám í tengslum við þeirra lögbundnu hlutverk. Það eykur skilvirkni að gera þessum stofnunum kleift að samnýta gögn þannig að ekki þurfi að koma upp sambærilegum gagnasöfnum á mörgum stöðum.

Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er tilbúið til að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður